

# Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum

## 1 Inngangur

---

### 1.1 Aðilar

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (H.Í.), kt. 600169-2039 annars vegar og Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu (HH) hins vegar, þ.e. Heilsugæslan í Reykjavík (H.R.), kt. 521094-2069, Heilsugæslan Seltjarnarnesi, kt. 490190-1479, Heilsugæslan Kópavogi, kt. 600169-4249, Heilsugæslan Mosfellsumdæmi, kt. 550198-2749, Heilsugæslustöðin Sólvangi Hafnarfirði (H.S.) kt 671289-1299 og Heilsugæslan í Garðabæ (H.G.) kt. 670784-0299. Samninginn gera aðilar vegna háskóladeilda og einstakra heilsugæslustöðva, samkvæmt stjórnskipulagi hvors aðila um sig, sem eru fylgiskjöl samningsins merkt A og B. Með samningnum er háskólahlutverk heilsugæslustöðvanna skilgreint og formfesta sköpuð í samstarfi heilsugæslunnar við heilbrigðisvísindadeildir H.Í.

Aðrar heilsugæslustöðvar geta gerst aðilar að þessum samningi með samþykki beggja: H.Í. og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Gilda þá öll almenn ákvæði samningsins um samskipti H.Í. við viðkomandi heilsugæslustöð, nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

### 1.2 Staðfesting

Samningurinn tekur gildi er hann hefur hlotið samþykki háskólaráðs og yfirstjórnar heilsugæslustöðvanna.

### 1.3 Samstarfsnefnd

Í samstarfsnefnd um málefni samningsins og samskipti samningsaðila sitja sex einstaklingar skipaðir til þriggja ára í senn. Þeir eru skipaðir af háskólaráði og þrír sameiginlega af yfirstjórn Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er:

- Að sjá um framkvæmd samningsins og undirsamninga er honum tengjast og gera áætlanir um framkvæmdaatriði þeirra. Áætlanir um fjölda námspláss og skiptingu á heilsugæslustöðvar, stundafjölda í klínísku námi og nauðsynlegt vinnumagn starfsfólks heilsugæslunnar við kennslu, skal liggja fyrir í júní ár hvert fyrir næsta háskólaár. Áætlanir skulu gerðar í samráði við viðkomandi stjórnanda kennslu innan heilsugæslustofnananna. Breytingar á nemendafjölda og námsframboði skulu háðar einróma samþykki samstarfsnefndar.
- Að fjalla um sameiginleg málefni svo sem ný störf sem krefjast akademísks hæfis og breytingar á störfum og starfsaðstöðu sem tengist báðum stofnunum, þar á meðal að gera tillögur til yfirstjórnar HH um það hvar samhliða störf skv. þessum samningi eru til staðar og tilfærslur á akademískum störfum milli heilsugæslustöðva. Samstarfsnefnd skal komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu starfs og starfskyldur áður en starf er auglýst. Þá tekur samstarfsnefnd sameiginlega ákvörðun um þá háskólamenn sem fá tengda stöðu

innan heilsugæslunnar, sbr. 2. tölul. í kafla 3.2 og hvaða skilmálar gilda um slík starfstengsl.

- Að setja verklagsreglur um vísindarannsóknir á vettvangi heilsugæslunnar, sbr. 7. kafla.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.
- Að úrskurða um túlkun einstakra þátta samnings þessa.

Dagleg umsjón og eftirlit með framkvæmd samningsins er í höndum sameiginlegrar stjórnarsýslu H.Í. og stjórnarsýslu Heilsugæslunnar.

#### 1.4 Gildistími

Samningurinn er gerður til fimm ára. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum. Um miðbik samningstímans skal fara fram úttekt óháðra aðila á framkvæmd samningsins og formlegt mat á því hvernig markmiðum hans hafi verið náð.

## 2 Markmið, hlutverk og gildissvið

---

Tilgangurinn með gerð samningsins er að efla samstarf Háskóla Íslands og heilsugæslunnar með það fyrir augum að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Markmið samningsins eru:

- Að styrkja nýliðun fagfólks í heilsugæslunni.
- Að starfsfólk heilsugæslunnar og nemendur og starfsfólk H.Í. hafi greiðan og gagnkvæman aðgang að sérþekkingu.
- Að stuðla að framgangi vísindarannsókna heilbrigðisstétta tengdum heilsugæslu.

Hlutverk Háskóla Íslands er að:

1. Annast menntun í heilbrigðisvísindagreinum.
2. Bera faglega ábyrgð á kennslu, námsefni, efnistöku og prófum.
3. Standa fyrir klínískum rannsóknum og grunnrannsóknum í heilbrigðisvísindagreinum.
4. Sjá til þess að starfsfólk sem annast kennslu og rannsóknir á vegum H.Í. uppfylli akademískar kröfur.
5. Taka þátt í þróun lækninga, hjúkrunar og ljósmæðraþjónustu innan heilsugæslunnar.

Háskólahlutverk Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu er að:

1. Vera vettvangur klínískrar kennslu háskólanema í heilbrigðisvísindagreinum.
2. Vera vettvangur fyrir og aðili að framhaldsnámi í heimilislækningum og heilsugæsluhjúkrunarfræði.
3. Vera þátttakandi í og vettvangur fyrir klínískar rannsóknir og grunnrannsóknir á heilbrigðissviði.
4. Standa fyrir þróunarstarfi og þjónusturannsóknum.

Samningur þessi gildir um samskipti og samvinnu H.Í. og heilsugæslunnar um kennslu, rannsóknir og þjálfun í heilbrigðisvísindagreinum sem kenndar eru við H.Í. og stundaðar eru innan heilsugæslunnar. Samningurinn tekur einnig til samvinnu um þróun þeirrar þjónustu sem veitt er innan heilsugæslunnar, þar á meðal endurmenntun starfsfólks.

Samningurinn byggir á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. fylgiskjal C. Verði breytingar á stjórnskipulagi samningsaðila skulu ákvæði samningsins eiga við um nýja eða breytta skipan, nema sérstaklega sé um annað samið.

Samningurinn tekur mið af vísinda- og menntastefnu Háskólans og stefnumótun í einstökum málaflökkum. Þá tekur samningurinn mið af samningum H.Í. við menntamálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir og ennfremur samningum við aðrar heilbrigðisstofnanir. Samningurinn tekur ennfremur mið af starfsmannastefnu samningsaðila, sbr. starfsmannastefnu H.Í. sem tók gildi þann 18. maí 2000.

### 3 Starfsmannamál

---

#### 3.1 Skilgreiningar á störfum háskólamanna

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, er heimilt að tengja starf háskólastarfa tilteknu starfi utan háskólans. Þetta fyrirkomulag felur í sér, að um er að ræða tvo launagreiðendur.

Almenn skilgreining á störfum háskólamanna felur í sér að þeir sinni þremur meginþáttum: rannsóknum, kennslu og stjórnun / þjónusta. Í 11. gr. laga um Háskóla Íslands er háskólaráði og deildum markað svigrúm til þess að útfæra þessa skiptingu með nokkuð sveigjanlegum hætti.

#### 3.2 Starfstengsl

Starfstengsl háskólamanna við heilsugæsluna á grundvelli þessa samnings geta verið með tvennu móti:

Annars vegar er háskólamanni veitt tiltekin aðstaða innan heilsugæslunnar - tengd staða - án ráðningarsamnings við heilsugæslustöð. Háskólamaður með slík starfstengsl við heilsugæsluna hefur, á grundvelli ákvörðunar samstarfsnefndar og eftir því sem unnt er, rétt til þeirrar aðstöðu sem honum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknahlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart heilsugæslunni hefur viðkomandi háskólamaður þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu fræðasviðs / fræðigreinar innan heilsugæslunnar.

Hins vegar er háskólamaður ráðinn til starfa innan heilsugæslunnar samhliða háskólastarfinu, þ.e. í samhliða starf með gerð sérstaks ráðningarsamnings við viðkomandi heilsugæslustöð. Þessi starfstengsl eru nánari en þau sem felast í tengdri stöðu og byggjast á því að háskólamaður er ráðinn sérstaklega í starf sem auglýst er og ráðið í af heilsugæslunni samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins og þess umsækjanda sem í það er ráðinn. Í því tilviki hefur háskólamaðurinn tvo ráðningarsamninga, annars vegar um starfið við H.Í. og hins vegar um starfið við heilsugæsluna. Í því tilviki er um að ræða tvo launagreiðendur.

Hvor aðili hefur formlegt forræði á ráðningum til starfa við sína stofnun. Þegar fyrirhugað er að ráða sama einstakling til beggja stofnana í samhliða störf munu aðilar hafa samráð um auglýsingar viðkomandi starfa og heimilt er að skipa sameiginlega valnefnd. Ef af ráðningu verður á þeim forsendum er fjallað um starfstengsl í ráðningarsamningum við báðar stofnanirnar.

Um nýráðningu, tengdar stöður, samhliða störf, starfsaðstöðu, starfsskyldur og breytingar á starfsskyldum verður eftir því sem við á beitt verklagsreglum nr. 385/2003, sem gilda um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sbr. fylgiskjal D. Samstarfsnefnd skv. kafla 1.3 í þessum samningi fer þá með hlutverk stefnunefndar H.Í. og LSH samkvæmt framangreindum verklagsreglum.

### *3.3 Leiðsögn og kennsla í klínísku námi*

Klínískt nám fer fram undir leiðsögn og stjórn prófessora, dósentra, lektora og aðjúnkta háskóladeilda, en allir akademískt menntaðir starfsmenn innan heilsugæslunnar hafa einnig skyldu til þess að sinna leiðsögn og kennslu í samræmi við starf sitt. Aðstöðu til náms þarf stöðugt að þróa en hún byggir m.a. á góðu aðgengi að skjólstæðingum heilsugæslunnar, góðu húsnæði, bóka- og tímaritakosti.

Háskóladeildir (stjórnendur fræðasviða / fræðigreina H.Í.) geta í samráði við stjórnendur innan heilsugæslunnar leitað til starfsmanna heilsugæslunnar og falið þeim að leiðbeina nemendum í klínísku námi á viðkomandi heilsugæslustöð. Auk starfa sinna við heilsugæsluna taka þessir starfsmenn þátt í klínískri kennslu með því að leiðbeina nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu og/eða óskir viðkomandi háskólakennara. Þessi störf lúta verkstjórn stjórnenda fræðasviða / fræðigreina H.Í. og starfsmennirnir bera ekki ábyrgð á skipulagi kennslu eða prófum.

### *3.4 Endurmenntun starfsmanna heilsugæslunnar*

Háskóladeildir munu á grundvelli samnings þessa taka þátt í endurmenntun / fræðslu háskólamenntaðra starfsmanna heilsugæslunnar. Skulu deildirnar leitast við að tryggja aðgang heilsugæslustarfsfólks að fjölbreyttu námsframboði. Samstarfsnefnd skal gera áætlun um framkvæmd þessa samningsákvæðis í tengslum við þróunarstarf innan heilsugæslunnar sbr. lið 4 í lýsingu á háskólahlutverki heilsugæslunnar.

### *3.5 Tengsl starfsmanna heilsugæslunnar við H.Í.*

Til þess að tryggja markmið þessa samnings um náð og gagnkvæmt samstarf H.Í. og heilsugæslunnar, munu heilbrigðisvísindadeildir H.Í., og eftir atvikum aðrar háskóladeildir, gefa háskólamenntuðu starfsfólki heilsugæslunnar kost á að sækja um mat á akademísku hæfi sínu og akademíska nafnbót. H.Í. mun árlega tilkynna umsóknarfrest í þessu skyni en um hæfnismatið og nafnbótina gilda að öðru leyti reglur settar af háskólaráði, sem eru fylgiskjal með samningi þessum (E).

Sé nafnbót veitt fylgja henni tilgreind réttindi og skyldur og hún fellur niður láti nafnbótarhafi af störfum innan heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Veiting akademískrar nafnbótar verður ekki lögð að jöfnu við ráðningu í starf háskólakennara eða sérfræðings við H.Í., sbr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands.

## 4 Fræðasvið og fræðigreinar

---

Samstarf um klínískt nám og önnur atriði þessa samnings fer fram á grundvelli fræðasviða og fræðigreina, sem eru skipulagslegar einingar í stjórnun kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindagreinum H.Í. Hinar stærri einingar nefnast fræðasvið, sem geta tekið til einnar fræðigreinar, en í öðrum tilvikum eru fleiri fræðigreinar á fræðasviðinu. Fyrir hverju fræðasviði fer forstöðumaður og forsvarsmáður fer fyrir hverri fræðigreini.

Forstöðumaður fræðasviðs hefur, ásamt forsvarsmönnum fræðigreina og öðrum kennurum, umsjón með skipulagi kennslu og rannsókna á fræðasviðinu. Hlutverk hans er að hafa forystu um og samræma akademískt starf fræðasviðsins og skipulag kennslu innan þess. Hann skal einnig með öðrum forstöðumönnum samræma akademískt starf mismunandi fræðasviða.

Í fylgiskjölum með samningi þessum kemur fram hver af fræðasviðum og fræðigreinum H.Í. tengjast starfsemi heilsugæslunnar. Auk læknisfræði, hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði er gert er ráð fyrir að samstarfssamningurinn geti tekið til tannlæknisfræði, sjúkraþjálfunar, klínískrar sálfræði, félagsfræði (félagsráðgjöf) og fleiri greina eftir því sem við getur átt.

## 5 Nemendur

---

Við upphaf klínísks náms á heilsugæslustöð skal kynnt fyrir hverjum nemanda hvaða sameiginlegir skilmálar H.Í. og heilsugæslunnar gilda um þátttöku hans í náminu.

Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum sem stunda klínískt nám á heilsugæslustöð samkvæmt samningi þessum njóta meðan á náminu stendur tiltekinna réttinda og á sömu kjörum og starfsfólk heilsugæslunnar. Þetta á við um aðgang að mótuneytum ef því er að skipta, afnot af vinnufatnaði, læsanlega fataskápa og afnot af bílastæðum. Nemendur hafa einnig aðgang að bókasöfnum og upplýsingaþjónustu heilsugæslunnar á sama hátt og starfsmenn. Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum skulu bera auðkenniskort, undirrita þagnareid, fara í heilbrigðiseftirlit með sama hætti og þeir sem ráðnir eru til starfa innan heilsugæslunnar og uppfylla aðrar hliðstæðar kröfur á sama hátt og starfsmenn.

Nemendur skulu undirgangast bólusetningar og aðrar þær öryggisráðstafanir sem gilda um starfsmenn heilsugæslunnar á hverjum tíma.

Við störf sín í klínísku námi njóta nemendur H.Í. sömu tryggingaverndar og starfsmenn heilsugæslunnar, enda vinna þeir á ábyrgð sameiginlegra starfsmanna H.Í. og heilsugæslunnar sem samningur þessi tekur til og leiðbeina þeim hverju sinni.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna í sameiningu að skipulagningu og útvegun klínískra námstækifæra fyrir nemendur sem koma frá erlendum menntastofnunum og stunda nám tímabundið við háskóladeild án þess að vera þar skráðir stúdentar. Um skipulag samstarfsins skal samið hverju sinni.

## 6 Rekstur og fjárhagsleg samskipti

---

Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi er kostnaðar vegna hins klíníska hluta náms í heilbrigðisvísindagreinum ekki innifalinn í reiknilíkani Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis um fjármögnun háskólakennslu. Háskóli Íslands fær því ekki

fjárveitingar vegna klínískrar kennslu. Rekstur heilsugæslunnar er að mestu leyti fjármagnaður með fjárveitingum veittum með fjárlögum Alþingis en að hluta með innheimtu þjónustugjalda. Innan heilsugæslunnar hefur klínísk kennsla og akademísk starfsemi verið stunduð um ára bil og fer vaxandi án þess að fjárhagslegar forsendur og þar með talinn kostnaður hafi verið skilgreindur.

Samningsaðilar eru sammála um að fjárhagsleg samskipti um störf og verkefni sem samningurinn gerir ráð fyrir verði milli stofnana en snúi ekki að einstökum starfsmönnum. Með gerð samningsins falla því niður greiðslur H.Í. vegna klínískrar kennslu til einstakra starfsmanna heilsugæslunnar, annarra en þeirra sem hafa fastan ráðningarsamning við Háskólann. Á hinn bóginn munu læknadeild og hjúkrunarfræðideild H.Í. á gildistíma þessa samnings greiða Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu upphæð sem svarar til þess sem greitt var árið 2003 vegna klínískrar kennslu nemenda á starfssvæði Heilsugæslunnar, sbr. bókun með samningnum. Háskólinn greiðir starfsmönnum heilsugæslunnar beint fyrir stundakennslu, aðra en klíníska kennslu. Heilsugæslan mun leitast við að veita starfsmönnum sínum, sem hug hafa á að taka að sér slíka kennslu, svigrúm til að sinna kennslunni á vinnutíma heilsugæslunnar. Um slíka vinnu gerir heilsugæslan sérstaklega samning við viðkomandi starfsmann.

Að því marki sem ekki er um annað samið greiðir hvor aðili um sig sinn kostnað af framkvæmd samningsins eða framkvæmd einstakra verkefna. Samið skal fyrirfram um skiptingu kostnaðar vegna aðkeyptrar þjónustu eða annan sérstakan kostnað sem samningsaðilar þurfa að leggja í og telst ekki vera hluti af almennum daglegum rekstri samningsaðila.

Samningsaðilar eru sammála um að leggja mat á eðlilegan kostnað heilsugæslunnar vegna klínískrar kennslu nemenda í heilbrigðisvísindagreinum H.Í. og annarrar akademískrar starfsemi, m.a. með samiburði við háskóla- og kennslusjúkrahús.

Þá eru samningsaðilar sammála um að móta reiknilíkan sem tekur til klínískrar kennslu og akademískrar starfsemi innan heilsugæslunnar og óska eftir því við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og önnur stjórnvöld að slíkt reiknilíkan verði tekið upp sem fyrst.

## **7 Vísindarannsóknir og þróunarverkefni**

Aðilar munu vinna að sameiginlegri stefnumótun um vísindi og rannsóknastörf sem tengjast markmiðum þessa samnings, með það í huga að efla akademískt rannsókn- og vísindastarf og styrkja þjónustuhlutverk heilsugæslunnar. Sérstaklega verður tekið mið að vísinda- og menntastefnu H.Í. og í þágu rannsóknafrelsis skal eftir föngum tryggja greiðan aðgang að rannsóknaviðfangsefnum og heilsufarsupplýsingum í þágu skilgreindra rannsóknaverkefna starfsmanna H.Í. og heilsugæslunnar.

Þá munu samningsaðilar vinna að eflingu þverfaglegra rannsókna í heilbrigðisvísindagreinum og leitast við að efla rannsóknasamstarf við aðra aðila innan og utan lands.

Samstarfsnefndin mun setja reglur um samvinnu við vísindarannsóknir og þróunarverkefni. Þar verði lýst skilyrðum um aðgang að heilsufarsupplýsingum og skjólstaðingum heilsugæslunnar og þeim formlegu leiðum sem beiðnir um rannsóknarverkefni þurfa að fara eftir.

Þeir rannsóknarþættir sem snúa að sameiginlegri stefnumótun eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1) Grunnrannsóknir. Grunnrannsóknir fela í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem er innt af hendi fyrst og fremst með það í huga að afla nýrrar þekkingar, án þess að hafa nokkra tiltekna hagnýtingu eða notkun í huga. Með grunnrannsóknnum er verið að greina eiginleika, formgerðir og tengsl með það í huga að setja fram og prófa tilgátur, kenningar eða lögmál.

2) Faraldsfræðilegar rannsóknir á skjólstaðingum og sjúkragögnum. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar og munu aðilar efla þær, m.a. með bætum tölvubúnaði og skráningarferlum.

3) Hagnýtar klínískar rannsóknir. Hagnýtar rannsóknir fela í sér frumathuganir sem gerðar eru með það í huga að afla nýrrar þekkingar. Þeim er hins vegar fyrst og fremst beint að sérstökum hagnýtum markmiðum.

Hagnýtar klínískar rannsóknir taka til árangurs og heldni meðferðar, aðgerða og inngrípa. Klínískum rannsóknnum er m.a. ætlað að afla þekkingar um heilsufarsvanda og umönnun skjólstaðinga til að bæta þjónustu við þá og gera hana jafnframt árangursríkari.

4) Þróunarverkefni fela í sér kerfisbundna vinnu, þar sem byggt er á fyrirliggjandi þekkingu sem fengist hefur með rannsóknnum eða hagnýtri reynslu, með það að markmiði að stuðla að uppfinningum eða endurbótum á vörum, ferlum, þjónustu og vinnufyrirkomulagi í heilbrigðiskerfinu.

Samningsaðilar munu hafa með sér samstarf um alla þessa þætti og leggja áherslu á að veita starfsmönnum aðstoð og hvetja þá í rannsóknastarfi. Jafnframt munu aðilar efla eftir föngum rannsóknasjóði sem styrkja heilbrigðisvísindi.

Samningsaðilar munu vinna að öðrum viðfangsefnum samkvæmt nánari ákvörðun samstarfsnefndar.

## **8 Önnur ákvæði**

---

Með gildistöku þessa samnings fellur úr gildi samningur H.Í. og H.S. um starfsaðstöðu prófessorsins í heimilislækningum. Þessir samningsaðilar eru sammála um að prófessorinn njóti áfram sambærilegrar aðstöðu skv. eftirfarandi og í samræmi við almenn ákvæði þessa samnings:

1. Prófessorinn er í samhliða starfi sem yfirlæknir á H.S. og nýtur starfsaðstöðu sem því tengist.
2. Prófessornum er tryggð skrifstofuaðstaða á H.S. til stjórnunar og rannsóknastarfa í heimilislækningum.
3. Prófessorinn er í forsvari fyrir faglega þróun hvað varðar kennslu, vísindarannsóknir og aðra fræðilega starfsemi á sviði heimilislækninga.

Reykjavík, 7. desember 2004

F. h. Háskóla Íslands

F.h. Heilsugæslunnar á  
höfuðborgarsvæðinu

Páll Skúlason, háskólarektor

Guðmundur Einarsson, forstjóri  
Heilsugæslunnar

Kristín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri  
Heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi  
í Hafnarfirði

Þórdís Wíum, framkvæmdastjóri  
Heilsugæslunnar í Garðabæ

Vottar: